

Kynjafræði við VMA

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

September 2013
Verkmenntaskólinn á Akureyri
Verkefni: Kynjafræði við VMA
Verkefnastjóri: Snorri Björnsson

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins er að kynjafræði verði raunhæfur og góður valkostur fyrir nemendur Verkmenntaskólans á Akureyri. Að áfanginn höfði jafnt til karlnemenda sem kvennemenda og að þeir kynnist grundvallarhugtökum í kynjafræðum. Einnig að nemendur verði læsir á samfélag sitt og menningu og læri að horfa á það með augum kynjafræðinnar og afli sé þekkingar á stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi, fyrr og nú. Markmiðið er að nemendur þjálfist í að taka þátt í umræðum, mynda sér skoðanir og að koma þeim og hugmyndum sínum á framfæri á skapandi hátt. Nemendur þjálfist í að líta á samfélagið út frá sjónarhorni mismunandi þjóðfélagshópa, verði meðvitaðir um áhrif jafnréttisbaráttunnar og þjálfist um leið í gagnrýnni hugsun.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Áfanginn fékk heitið *FÉL273 – kynjafræði*, með félagsfræði 103 sem undanfara og er valáfangi. Þetta var gert til þess að fleiri nemendur ættu þess kost á að taka áfangann og nýta sér hann sem kjarnagrein innan samfélagsgreina. Áfanginn var kynntur fyrir nemendum og hlaut afar góðar viðtökur, sérstaklega meðal stúlkna.

Ýmsar leiðir voru farnar til að gera nemendur læsa á umhverfi sitt og kenna þeim að horfa á það með gagnrýnum augum. Auk hefðbundinna innlagna um sögu jafnréttisbaráttu og stöðu jafnréttismála í nútímasamfélagi hafa verið unnin fjölbreytt verkefni sem nemendur völdu í samræmi við áhugasvið og hæfileika. Nemendur þurftu að standa skil á dagbók þar sem þeir þurftu að skrifa inn vikulegar færslur um lesefni áfangans, það sem fjallað var um í tímum og efni sem þau þurftu að skoða í eigin umhverfi s.s. fjölmiðla, kvikmyndir o.fl. Þessi þáttur vóg mest í námsmati, en jafnframt voru önnur verkefni s.s. tímapróf, heimildaritgerð, fyrirlestur og frjálst verkefni þar sem nemendur skiluðu m.a. ljósmyndasýningum, smásögum, ljóðum, blaðagreinum og ýmsu fleiru. Nemendur fengu heimsókn frá Aflinu, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi, tveimur kennurum við HA sem hafa rannsakað efni sem tengjast kynjafræði og Jafnréttisstofa hefur verið kennara innanhandar varðandi efni, fyrirlestra og annað sem nýtist í áfanga sem þessum.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefnið hefur gengið samkvæmt áætlun og svo virðist sem kynjafræði við VMA sé komin til að vera, en aðsókn var góð núna á haustönn og útlit er fyrir að svo verði áfram.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Verkefnið hefur farið vel af stað og engin teljandi vandamál hafa komið upp. Nokkur kynjaskekkja er innan áfangans, en það er eitthvað sem þarf að hafa í huga við kynningu á efninu. Hvers vegna höfðar jafnréttisumræða frekar til kvenna en karla?

Þó svo ekki sé um eiginlega hindrun að ræða, jafnvel frekar tækifæri, þá kom sú umræða upp í tíma að efni áfangans væri helst til mikið eða víðfemt. Þannig að mætti hugsa sér að skipta því upp og hafa grunn- og framhaldsáfangi. Sú hugmynd mun þó bíða fyrst um sinn.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Það sem helst hefur áunnist við gerð þessa verkefnis er að eftir stendur áfangi um kynjafræði sem útlit er fyrir að sé kominn til að vera. Umræða um jafnréttismál hefur aukist og vart hefur orðið við aukinn áhuga á efninu innan skólans. Umræða hefur verið meðal nokkurra nemenda í áfanganum um að stofna femínistafélag í skólanum og vonandi verður sú hugmynd að veruleika.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Mat á verkefninu var þannig að nemendur voru beðnir um að svara spurningum varðandi áfangann; s.s hvort hann hafi staðist væntingar, hvort hann hafi gagnast nemendum og þá hvernig og fleira í þeim dúr. Niðurstöðurnar voru allar á þá leið að nemendur mæltu með áfanganum, töldu námið hafa nýst sér og vildu flestir að hann yrði kjarnagrein fyrir nemendur í framhaldsskóla.

Niðurstöður verkefnisins: Markmiðið með verkefninu var að skapa áfangi þar sem nemendur fengju markvissa fræðslu um jafnréttismál og stöðu kynjanna í samfélaginu sbr. markmiðslýsingu að ofan. Það markmið hefur náðst og eftir stendur áfangi sem farið hefur vel af stað og fengið jákvæðar undirtektir hjá nemendum. Ljóst er að áfanginn mun áfram verða í boði sem valáfangi fyrir nemendur skólans og verður hann kenndur á meðan nægilega margir nemendur velja hann. Nokkur kynjaslagsíða er á áfanganum, þar sem töluvert fleiri stúlkur hafa skráð sig í hann og svo virðist sem innihald áfangans höfði frekar til stúlkna en drengja. Þetta er nokkuð sem ber að hafa í huga við kynningu á áfanganum og gera þarf körlum ljóst að jafnréttismál snerta þá ekki síður en konur. Einnig má vera að auka megi umfjöllun um karlafræði og breytta stöðu karla í nútímasamfélagi til þess að laða að áhugasama karlkynsnemendur.

Nokkuð fjölbreytt námsmat er í áfanganum og hefur dagbókarformið reynst einna best til að fá nemendur til þess að lesa í umhverfi sitt og menningu. Þar hafa nemendur markvisst þurft að velta fyrir sér ákveðnum þáttum en jafnframt haft frelsi til þess að velta þeim fyrir sér á þann hátt sem þeir helst kjósa. Þó svo dagbókarformið henti ekki öllum nemendum og mörgum hefur þótt þetta

heldur mikil vinna þá hefur verið almenn ánægja með það og flestir telja sig læra mikið á því. Því mun það verða áfram undirstaðan í námsmatinu.

Niðurstaða verkefnisins er því skemmtilegur áfangi um sögu jafnréttis á Íslandi og stöðu jafnréttismála í samfélagi okkar í dag.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið hefur verið kynnt innan skólans fyrir nemendum og kennurum. Einnig verður áfanginn kynntur á ráðstefnunni Samstarf og samræða allra skólastiga sem haldin verður á Akureyri 4. október n.k.

Verkmenntaskólinn á Akureyri, 10. september 2013

Snorri Björnsson, verkefnisstjóri

Hjalti Jónsson, skólameistari